

Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna Hvammsvirkjunar

Landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar á Hamarsheiði 1 í Skeiða-og Gnúpverjahreppi vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hvammsvirkjun. Auk þess sem einn þeirra, undirrituð Björg Eva Erlendsdóttir, vísar til fjölmargra fyrri athugasemda sinna og samtakanna Sólar á Suðurlandi, sem allar standa enn eins og stafur á bók. Hafa hvorki verið hraktar né afsannaðar, heldur hafa þær orðið að veruleika.

Ennfremur tekur undirrituð undir hvert einasta orð í athugasemd atvinnuþróunarfélagsins Gjalpar. Þar er málið allt rakið í heild, auk þess sem bent er á andstöðu ungs fólks við virkjanaáformin, vegna neikvæðra áhrifa á annað skipulag, samfélag, atvinnulíf og uppbyggingu í sveitinni. Því til viðbótar langar mig að benda á andstöðu framsýnna einstaklinga gegnum áratugina, sem haldið hafa báráttunni gegn eyðileggingu náttúru og samfélags við Þjórsá á lofti. Það hefur verið löng, ströng og ójöfn barátta. Margir þeirra sem mestu fórnðu í henni eru nú gengnir. Þeim eigum við mikið að þakka, þótt ekki verði allir taldir upp hér. Rétt er þó að geta Orra Vigfússonar, sem lést nú nýverið, en barátta hans fyrir verndun Þjórsárlaxins hefur skilað auknum styrk nú síðustu árin, öllum þeim sem vernda vilja ómetanlegt náttúruauðæfin sem í Þjórsá felast. Það verður okkur öllum vonandi mikil hvatning í baráttunni áfram að minnast eldhugans Orra og hans sigrum stórum og smáum nú síðustu árin. Að kasta rekunum yfir áformin um virkjun Þjórsár í byggð er sá minnisvarði sem réttast væri að reisa Orra og öðrum eldhugum sem hingað til hafa varið Þjórsá gegn freklegum orkunýtingaráætlunum.

Áður en athugasemdirnar verða taldar upp viljum við koma því á framfæri við Skipulagsstofnun að við teljum með öllu óásættanlegt að ekki hafi verið gert nýtt umhverfismat í heild sinni heldur byggt að mestu á skýrslu frá árinu 2004. Það umhverfismat var gert fyrir Núpsvirkjun og er því ekki einu sinni um sömu virkjun að ræða.

Ásýnd lands

Virkjunin mun hafa óafturkræf og óbætanleg áhrif á einstaka náttúruperlu. Við á Hamarsheiði höfum notið þessa útsýnis mann fram af manni í árhundruð. Engar myndir eru birtar í skýrslunni frá sjónarhorni Hamarsheiðar yfir fyrirhugað virkjanasvæði. Við gagnrýnum það harðlega.

Virkjunin mun skerða landgæði á Hamarsheiði af mörgum orsökum. Útsýni mun spillast sem mun lækka verð sumarbústaðalóða. Jökullónið gæti valdið því að það vori seinna. Mýflugur við lónið gætu valdið hestum og skepnum ama.

Könnun sem send var til landeigenda til að meta áhrif af virkjuninni barst ekki til eigenda Hamarsheiðar 1. Það er með öllu óásættanlegt.

Með virkjuninni munu einstakar menningarminjar skemmast því fjársafn Gnúpverja hefur verið rekið meðferð áreyrunum í mörg hundruð ár. Jóhann Kolbeinsson frá Hamarsheiði var fjallkóngur og stýrði því för fjallmanna og fés meðfram bökkunum. Afkomendur hans njóta þess hvert ár að feta í fótspor hans og taka á móti safninu þegar það kemur heim af afrétti. Að feta malbikaðan veg meðfram manngerðu lóni mun gjörsamlega skemma þá einstöku upplifun að ríða á móti fjallsafninu á bökkum Þjórsár.

Meðan á framkvæmdum stendur er fyrirsjáanlegt að umferð um Gnúpverjaveg muni aukast. Ekkert er fjallað um það í frummatsskýrslunni. Vegamál eru nú þegar í miklum ólestri í sveitarfélaginu og ljóst að malarvegurinn fram hjá Hamarsheiði er engan veginn í stakk búinn fyrir aukna umferð. Auk þess mun af þessari auknu umferð hljótast rask og ófriður sem við kærur okkur ekki um.

Áhrif á ferðapjónustu

Með auknum fjölda ferðamanna styrkist þjónustustigið í sveitinni. Virkjunin mun fæla frá íslenska og erlenda ferðamenn. Einmitt nú þegar stórar áætlanir eru á borðinu um uppbyggingu í Þjórsárdal.

Auk þessa má vísa til þess að samfélagsleg áhrif þessarar virkjunar hafa aldrei verið könnuð, jafnvel ekki þótt þegar hafi komið fram óafturkræf og neikvæð áhrif á samfélagið yfir langt tímabil, fólk misst vinnu, bæir farið í eyði og fjölskyldur sundrast. Um þetta fjallar undirrituð nákvæmlega í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar um rammaáætlun. Annan áfanga.

Björg Eva Erlendsdóttir, landeigandi, Hamarsheiði 1.